



# FARINN VEGUR

**Ævibrot úr lífi Gunnhildar Ryel  
og Vigdísar Kristjánsdóttur**





## Gunnhildur Ryel

ekkja Balduins Ryel, kaupmanns og ræðismanns á Akureyri, veitti um áratuga bil forstöðu einu mesta myndar- og menningarheimili á Akureyri. Hún segir frá uppvaxtarárum sínum og gömlu Akureyri, viðburðum, mönnum og málefnum, sem hún hafði kynni af á langri ævi, og miklu og fórnfusu félagsstarfi, einkum í þágu líknar- og mannúðarmála.

## Vigdís Kristjánsdóttir

listakonan þjóðkunna, rekur hér þræði langrar sögu sinnar við listnám og listiðkun, segir frá ferðum til lista- og menningarstöðva stórborganna, samvistum við ýmsa samferðamenn og frá ævikjörum sínum og farsælu og hamingjusömu hjónabandi.





**H U G R Ú N** skáldkona, sem tekið hefur saman þessa bók, Farinn vegur, er mikilvirkur rithöfundur, sem hefur sent frá sér fjölda bóka, sem hlutið hafa miklar vinsældir.

Flestar bóka hennar eru löngu uppseldar og margar jafnvel ekki til í bókasöfnum.

Hugrún hefur lagt stund á ýmsar greinar bókmennta: ljóð, skáldsögur, ævisögur o. fl.

HUGRÚN

# FARINN VEGUR

Ævibrot úr lífi  
GUNNHILDAR RYEL  
og  
VIGDÍSAR KRISTJÁNSDÓTTUR

Útgefandi:  
BÓKAMIÐSTÖÐIN  
Reykjavík MCMLXXV

ingar.

Frá Tyrklandi hélt hópurinn aftur til Grikklands. Var þá ekið um fjallvegi og mishæðótt land. Í Grikklandi er munkaklaustur eitt mikið og fornt uppi á háu fjalli. Þar steig ferðafólkið úr bílnum og kleif fjallið til þess að geta fengið að skoða klaustrið. Fjallstindurinn er ekki mikill um sig, en útsýnið mjög tilkomumikið. Undruðust gestirnir, hvernig hægt hafði verið að koma byggingarefninu alla þessa löngu leið upp brattann. Mikið hefur verið haft fyrir því að geta fengið næði frá skarkala heimsins og glaumi, og nota ævidagana til bænahalds fyrir sjálfum sér og þjáðu mannkyni. Náttstaður var valinn í hafnarbæ andspænis Píreus. Þaðan var haldið til Áþenu. Þar hitti Vigdís Ólöfu Pálsdóttur myndhöggvara. Var hún að koma frá Egyptalandi ásamt öðru fólk. Þær bjuggu saman á hóteli í borginni og nötuðu tímann til þess að fara á söfnin og skoða annað athyglisvert í borginni. Þær höfðu áður þekkst frá skólanum í Kaupmannahöfn. Vigdís taldi sig heppna að hitta hana þarna í Áþenu. Hún leiftraði af fjöri og áhuga og var ágætur félagi. Aftur stóð Vigdís á Akropolis og fannst það jafn tilkomumikið og í fyrra sinn. Eitt sinn stóðu þar einhverjar fegurstu byggingar heims, sem nú eru rústir einar. En þær tala sínu máli, og

listakonurnar skildu það, heilluðust og dáðust að hinum forna stíl og drukku í sig fegurðina, er síðar átti að verða þeim sjálfum til eftirbreytni við listsköpun þeirra.

Í hlíðum Akropolis eru tvö hringleikahús, og í því stærra voru haldnir hljómleikar á mánudagskvöldum. Sætin eru úr hvítum marmara og stallar með grískum myndastytta. Þótt mikil væri aðsóknin að hljómleikunum, tókst þeim listakonum að nái í aðgöngumiða og sæti. Flutt voru fögur klassisk verk, þar á meðal Örlagasyfónian eftir Beethoven. Þvílík dýrð að fá að vera þarna og hlusta, þetta hlýja sumarkvöld undir tindrandi stjörnuhimninum, og láta tónana svala sál sinni, baða hana í uppsprettulind listagyðjunnar. Það er að vera nær himninum, nær höfundí lífsins, Guði sjálfum. Listakonurnar töldu sig heppnar að hafa hist þarna, þær áttu svo margt sameiginlegt annað en það, að vera dætur sömu fósturjarðar. Milli þeirra varð enginn árekstur. Það, sem aðra langaði að sjá og skoða, var hinni jafnmikið áhugamál.

Þær fóru til Delphí, sem stendur í gróðursælum dal við rætur Parnassusfjallsins. Þar ekki langt frá er hin helga uppsprettar, sem hefur fengið orð fyrir að hafa í sér lækningamátt. Þar uppi í hlíðunum sáu þær einkennilega sjón. Þar voru tveir fálkar á sveimi. Kom þá fram í huga Vigdísar gömul sögn um fugla, sem áttu að vera þarna fimm hundruð árum fyrir Krists burð. Þetta var ríki þeirra. Nokkuð var það, að þetta voru tígulegir fuglar, og einkennilega höguðu þeir sér. Það var eins og þeir væru alltaf að reyna að mæta hvor öðrum.

„Voru þetta afkomendur fornaldarfuglanna frægu?“ Hún fékk ekkert svar við þessari spurningu, enda var hugur hennar á reiki þessa daga og ekki við eina fjöl felldur.

Parna í nágrenninu er fornt hof, leikvangur og söfn, allt forvitnilegt og aðlaðandi. Það hvíldu töfrar yfir þessu öllu, ásamt gróðurseldinni og sögulegum áhrifum.

Vigdísi og Ólöfu þóttu sem þær væru komnar í jarðneska Paradís, svo hrifnir voru þeir af öllu, er fyrir augu bar. Frá Delphí fóru þær til Olympíu, leikvangsins fræga. Þar gistu þær

í þrjár nætur. Gististaðurinn var þokkalegur, en gamaldags. Þær urðu að sofa í sama rúmi, sem var þannig úr gardi gert, að því hallaði fram, svo að sú er svaf fyrir ofan, átti á hættu að gera hinni óþægilegt rúmrusk. Vigdís bauðst til þess að vera fyrir framan til þess að Ólöf losnaði við að fá hana yfir sig með öllum líkamsþunga. „Pað hefði orðið ógurleg pressa fyrir Ólöfu,“ segir Vigdís og brosir. „Allur var varinn góður.“

Vegna þessa einkennilega halla á rúminu varð lítið um varanlega hvíld hjá þeim um nóttina. Um morguninn var þeim borid te. Það var gott og hressandi fyrir þær eftir svefnlitla nótt. Þær klæddu sig hressar og glaðar og flýttu sér út til þess að skoða umhverfið. Gististaðurinn líktist helst gömlum bónabæ. Fyrir utan húsið voru nokkur hænsni á vappi, og haninn galaði eins og hann vildi bjóða þeim góðan dag.

Þær höfðu gaman af hananum. Hann reigði sig og teygði og var sýnilega að reyna að ganga í augun á hænunum. Þarna á balanum var líka grísk skjaldbaka, lítil, falleg og umkomulaus. Þær báðu um leyfi að fá að taka hana með sér, og var það auðsótt. Peim var svo lánaður pappakassi undir hana. Áður en hún var sett í kassann, baðaði Ólöf hana í handlauginni. Hún var lítið stærri en falskur efrigómur í manni. Petta litla dýr varð svo ferðafélagi þeirra og hlaut nafnið Olympía. Síðan var það stytt í Pía. Hún varð þeirra yndi og eftirlæti.

Þær skoðuðu hinar fornfrægu rústir og hinn svipmikla stað þar sem Olympíueldurinn var tendraður í fyrsta sinn, og umhverfið með gnæfandi Olympíutindinum, sem Vigdísi fannst í svipmóti líkjast Keili okkar Íslendinga. Þar sem þær voru orðnar þreyttar og sveittar, datt Ólöfu í hug að fá sér sólbað og sundsprett í veginum sunnan við þennan mikla leikvang.

Næsta dag var ferðinni haldið áfram. Þær tóku sér far með gömlum langferðabíl, sem var næstum því fullur af ferðamönnum frá Hollandi. Ekið var í áttina til Korintu. Vegurinn þarna var líkastur því, að ekið væri á þvottabretti. Þær voru svo óheppnar að fá sæti aftast í vaginum, og varð hristingurinn því enn þá meiri. Hollendingarnir voru þegjandalegir.

Eftir þriggja og hálfs tíma hristing voru þær búnar að fá nóg, og stigu af bílnum í lítilli borg með um 5000 íbúa, Kylokastron. Heldur fannst þeim nafnið einkennilegt. Bærinn er við Korintuflóann. Þær voru fegnar að rétta úr þreyttum limum. Það hafði farið illa um þær alla þessa löngu leið. Ólöf hafði orðið að vera bogin fram á við, en Vigdís segist hafa orðið að vera eins og illa gert S í laginu. Þær gerðu gaman að þessum stellingum, sem fylgdu þeim, eftir að þær voru komnar niður á jafnsléttu.

„Það var hreint ekkert létt að rétta úr sér aftur,“ segir Vigdís, „en við höfðum það þó af.“ Þá virtust ný vandræði í aðsigi. Ólöf var orðin eitthvað ónóg sjálfri sér, hún kveinkaði sér við minnstu hreyfingu. „Hvað er að þér?“ spyr Vigdís. „Ég held að ég sé öll úr lagi gengin,“ segir Ólöf. Vigdís segir: „En hvernig heldur þú að Olympíu vesalingnum liði?“ Ólöfu bregður. „Blessuð skjaldbakan,“ segir hún. „Skyldi hún vera lifandi?“ Þær leita í farangrinum að litla kassanum. Hann var látinna með dótí þeirra í farangursgeymsluna hjá Hollendingunum. Það var ekki um annað að ræða.

„Svo hefur greyið kannski legið á bakinu allan tímann,“ segir Vigdís. Þær flýttu sér að athuga, hvernig Píu litlu liði. Jú, lifandi var hún, en ósköp dösuð, svona álíka og eigendur hennar. Nú var um að gera að finna gististað. Þær lögðu af stað með allt hafurtaskið eitthvað út í óvissuna. Loksins fundu þær gistihús, sem þeim leist sæmilega á. Þeim var vísað upp á þriðju hæð. Þær fengu þær stofu með svöldum, sem sneru út að ströndinni. Í herberginu voru tvö rúm, legubekkur og ágæt handlaug. Þær fengu sér hressingu á hótelinu, síðan hvíldu þær sig til þess að safna kröftum. Þía litla var hin hressasta, og reyndi Vigdís að sýna henni tillitssemi og umhyggju, þótt hún væri sjálf örþreytt.

Konan, sem þarna gekk um beina, var þokkaleg og hrein. Vigdís fékk þá flugu í sig, að hún héti Karólína og nefndi hana því nafni. Hún ansaði því, þótt hún héti vissulega einhverju öðru nafni. Eftir það gekk hún aðeins undir þessu gervinafni og létt sér það vel líka. Þarna voru þær stöllur í vikutíma, og

notaði Ólöf næstum allan seinasta daginn til þess að sóla sig og synda. Gætti hún þess ekki, að þarna var blessuð sólin afar heit, og gleymdi hún sér í sólbaðinu, þar til hún fann að komið var illa fyrir henni. Hún skaðbrenndist á bakinu. Þær lögðu þó af stað aftur í áttina til Korintu, keyrðu um marga bæi og þorp, þar til þær komu á áfangastað. Á þessari leið var ekið yfir Korintuskurðinn. Þá hafði Vigdís bæði sight um hann og ekið yfir hann.

Eins og margir vita er Korinta merkur sögustaður, þar sem nokkuð af Biblíunni hefur verið ritað. Bréfin frá Páli postula til Korintumanna eru tvö, mikil og merkileg bréf. Hann lét ekki af að áminna, hughreysta og styrkja söfnuðina, var sístarfandi og ferðaðist víða um, meira að segja alla leið til Rómar. Rit hans eru talin með því merkasta er ritað hefur verið. Parna eru miklar og merkilegar fornminjar og söfn, enda mjög mikill ferðamannastraumur, sem þangað stefnir og raskar þeirri helgi, sem yfir staðnum hvílit.

Listakonurnar þurftu að leita nokkuð víða, áður en þeim tókst að ná sér í sæmilegan gististað, þokkalegt herbergi fyrir sanngjarnit verð. Ólöfu leið mjög illa framan af nöttunni, vegna sólbrunans. Vigdís vakti með henni og reyndi hvað hún gat að lina sviðann í brunasárunum. Vigdís segir, að þarna í Korintu hafi hún líklega beðið sínar heitstu bænir, beðið Guð að gefa Ólöfu ró og að sviðinn mætti minnka, svo að hún gæti sofnað, og að hann vildi lækna hana sem fyrst. Þetta var mikill sólbruni. Hún sofnaði seinni part nætur, og næsta dag gátu þær svo haldið áfram ferðinni. „Þá var okkur þakklæti í huga,“ segir Vigdís. Þær óku meðfram ströndinni áleiðis til Aþenu. Á þessari leið kynntust þær Grikklandi. „Við upplifðum Grikkland og gríska loftslagið,“ segir hún. „Þetta var allt svo ólíkt því, sem er annars staðar. Blá móða sveipar landið og gerir það svo sérstætt. Í gegnum þetta þægilega bláa mistur stíga eyjar og hæðir með tígulegum byggingum, eins og heillandi ævintýramyndir, stundum nógu dularfullar til þess að lyfta hugmyndafluginu í hæðirnar.“

Þegar listakonurnar komu til Áþenu, hittu þær Elínu, og ætlaði hún tæplega að þekkja Vigdísí, sem var orðin grónn og spengileg. Hún sagðist hafa verið að velta því fyrir sér, hvaða stelpa þetta væri.

Elín var á förum til Kaupmannahafnar, þegar þær komu til Áþenu. Fólkid frá listaháskólanum skiptist niður í hópa á heimleiðinni. Vigdís fór með síðasta hópnum, eftir langa og árangursríka ferð. Ólöf varð eftir, þegar hún fór, en Olympía litla fylgdi Vigdísí, sem annaðist hana af móðurlegri natni.

Sigt var um hið fagurbláa Miðjarðarhaf til Feneyja. Þar var dvalist í nokkra daga, og þótti Vigdísí borgin sérkennileg með öllum sínum síkjum og vatnabátum. Konurnar í hópnum gisti í nunnuklaustri. Vigdísí fannst, að systrunum myndi ekki hafa líkað meira en svo, hvað gestirnir komu seint heim til að sofa. Pað var svo margt að sjá og skoða, að tæplega var tími til þess að sofa. Dagarnir liðu svo fljótt. Markúsarkirkjan og torgið er heimur út af fyrir sig, heimur í heiminum. Parna á torginu sátu gestirnir eitt kvöldið og fengu sér hressingu og hlustuðu á tónlist tveggja hljómsveita.

Á kvöldin var gaman að horfa á gondólana á síkjunum og hlusta á seiðmagnaðan sönginn og gítarspilið, sem barst frá þeim í kvöldkyrrðinni. Þar nutu ungir elskendur kvöldblíðunnar undir stjörnubjörtum himni við suðræna tóna hljóðfæranna. Á meðan staldrað var þarna við, stóð þar yfir alheimslistsýning. Pangad lögðu sumir leið sína. Margar fleiri sýningar voru þarna, en hvorki þrek né tími entist til þess að sjá þær allar. Vigdís hafði Píu litlu með sér hvert sem hún fór. Hún hafði nú einu sinni tekið hana að sér og ætlaði sannarlega ekki að bregðast henni. Hún var líka hálfhrædd um, að nunnurnar myndu amast við henni, ef hún skildi hana eftir. Hún sá þær í anda taka í aðra hvora afturlöppina á henni með hryllingi og þeyta henni út í golgrænt vatnið í síkinu. Á einum síkisbakkanum sá hún nokkur óhugnanleg krabbadýr skjögrandi út á aðra hliðina, það var nú heldur annað útlit en blessunin hún Píu litla.

Þá var þessi skemmtilega og lærdómsríka ferð á enda. Haldið

var til baka með hraðlestinni til Kaupmannahafnar. Nokkrum vikum eftir komuna þangað kom Árni, maður Vigdísar, til borgarinnar og dvaldi með henni í borginni um þriggja vikna skeið.

Þau bjuggu á Hótel Mygil með Píu litlu, og var það vel samstillt fjölskylda. Þau hjónin létu taka af sér mynd á Ráðhústorginu, og er Píá litla með á myndinni. Hún hangir á barmi Vigdísar eins og stór brjóstnaðla. Þegar Árni fór heim til Íslands, fór kona hans aftur til Osloar og var þar við nám um veturinn. Píá litla gerði þar mikla lukku og varð húsmóður sinni góður félagi.